

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um samfélagslegan
kostnað af áfengisneyslu.

Frá Ingibjörgu Isaksen.

- Er ráðherra sammála því að ætla megi að samfélagslegur kostnaður af áfengisneyslu á ári sé 2,6% af vergri landsframleiðslu í hátekjulöndum, líkt og haldið var fram í skýrslu frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni í nóvember árið 2024, og hafi því verið um 112 milljarðar kr. á Íslandi árið 2023?
- Er ráðherra sammála því að gera megi ráð fyrir því að samfélagslegur kostnaður af áfengisneyslu ykist á Íslandi ef Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verður lögð niður?
- Ef svo er, hve mikil gæti sú aukning samfélagslegs kostnaðar orðið miðað við rannsóknir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar?

Skriflegt svar óskast.